

Bárðarbunga_is update 24082014

2014-08-24 16:12 UTC

Bárðarbunga update

Höfundar

Sara Barsotti, Hildur María Friðriksdóttir, Benedikt G. Ófeigsson, Þóra Árnadóttir, Martin Hensch, Kristin Jónsdóttir, Kristjana G. Eypórsdóttir

Byggt á

Jarðskjálftamælingum, GPS, vatnssýnum

Gosmökkur

Hæð

Ekkert eldgos, enginn gosmökkur

Stefna

Ekkert eldgos, enginn gosmökkur

Litur

Ekkert eldgos, enginn gosmökkur

Gjóskufall

Ekkert eldgos, enginn gosmökkur

Eldingar

Ekkert eldgos, enginn gosmökkur

Drunur

Ekkert eldgos, enginn gosmökkur

Bræðsluvatn

Vatnahæðar- og leiðnimælingar í Jökulsá á Fjöllum við Upptyppinga í dag eru sambærileg við það sem mældist í gær. Vatnshæð er svipuð gildum síðasta áratugar miðað við árstíma en leiðnin er aðeins hærrí. Leiðnimælingar í Jökulsá á Fjöllum við brúna norðan Vaðöldu, í Rjúpnabrekkukvísl og í Köldukvísl eru hliðstæðar því sem mældist á sama tíma í gær.

Aðstæður á gosstað

Ekkert eldgos

Órói

Enginn sterkur lágtíðniórói (~1Hz) hefur mælst síðan kl 13 í gær.

Jarðskjálftar

Yfir 1000 jarðskjálftar hafa mælst við öskjuna í Bárðarbungu og við norðurenda gangsins síðan á miðnætti (24. ágúst). Flestir skjálftanna eiga sér stað við norðurenda gangsins. Berggangur norðaustur af Bárðarbungu: Jarðskjálftavirkni hefur aukist, bæði fjöldi og stærð skjálfta síðan um klukkan 6 í morgun og er enn mikil þegar þetta er skrifað. Jarðskjálftavirknin er nú komin á svæði norðan Dyngjujökuls en svo virðist sem lítillega hafi hægt hafi á framrás gangsins. Yfir tuttugu jarðskjálftar stærri en 3 hafa mælst við norðurenda gangsins og fjórir skjálftar stærri en 4. Dýpi jarðskjálfta er óbreytt 5-10 km. Bárðarbungu askjan: Tveir jarðskjálftar stærri en 5 hafa mælst í öskjubarminum (M5.3 kl. 00:09 UTC og M5.1 kl. 05:33 UTC). Þeir mælast á 2-5 km dýpi eins og aðrir skjálftar í öskjunni undanfarna daga. Þessir skjálftar eru þeir stærstu í öskjunni síðan 1996. Samtúlkun jarðskjálfta og gps mælinga bendir huganlega til þess að askjan sé að bregðast við spennubreytingum vegna myndun gangsins .

GPS-aflögun

Nýjustu gögn frá GPS landmælingum benda til þess að kvika sé enn að flæða inn í bergganginn undir Dyngjujökli og að berggangurinn sé að lengjast til norðurs. Þetta er í samræmi við staðsetningar jarðskjálfta síðastliðinn sólarhring. Líkanreikningar sem byggðir eru á GPS-gögnum gefa til kynna að heildarrúmmál kviku í bergganginum sé orðið u.þ.b. 270 milljón rúmmetrar.

Heildarmat

Engar vísbendingar eru um að dragi úr ákafa atburðanna og því er ekki hægt að útiloka að atburðarásin leiði til eldgoss. Athuganir hafa leitt í ljós að ekki var gos undir Dyngjujökli í gær. Sá mikli lágtíðniórói sem mældist í gær á sér því aðrar skýringar. Veðurstofan hefur ákveðið að lækka litakóða fyrir flug í appelsínugulan.